

From: [Friðrik Klingbeil Gunnarsson](#)
To: ["Teitur Gunnarsson"](#)
Subject: RE: Svæðisáætlun
Date: miðvikudagur, 3. nóvember 2021 13:08:00
Attachments: [image002.png](#)
[image003.png](#)
[image004.png](#)

Sæll Teitur

Sjá umsögn um tillögu að svæðisáætlun í meðfylgjandi tölvupósti

Mannvit
Teitur Gunnarsson
Urðarhvarfi 6
203 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2021
USK2021090074

Efni: Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032

Vísað er til bréfs Mannvits hf. dags. 17. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021 - 2032 á Suðvesturlandi á grundvelli 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda um. Erindinu var vísað til skrifstofu umhverfisgæða til umsagnar.

Gerð svæðisáætlana er lögbundin skv. lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Innihald og efnistök þeirra skal vera samkvæmt 9. gr. reglugerðar 738/2003 um meðhöndlun úrgangs m.sbr. Um efnistök svæðisáætlana segir m.a.: „Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir“.

Almennt um tillöguna

Texti skýrslunnar byggir að nokkru leyti á fyrri svæðisáætlun. Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi) tóku gildi 13. júní. Með þeim verða umfangsmiklar breytingar á úrgangsstjórnun sveitarfélaga sem flestar koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Í júní tók einnig gildi stefna umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs „Í átt að hringrásarhagkerfi“. Í sumum köflum skýrslunnar kemur fram að þeirri vinnu sé ekki lokið og óljóst hvort allir kaflar hennar taki tillit til þeirra breytinga sem þar koma fram, en með lögum og í stefnu ráðherra hefur ríkisvaldið að stórum hluta markað leiðina í úrgangsstjórnun á landinu til dæmis hvað varðar sérstaka söfnun á lífúrgangi. Skýrar mætti koma fram í texta greinargerðarinnar að hún taki til greinar þær breytingar sem núþegar hafa verið samþykktar, og hvernig hún samræmist áherslum sem þar eru til dæmis á hringrásarhagkerfið.

Í tillögunum vantar að gera grein fyrir ráðstöfun á ómenguðum jarðefnum og óvirkum úrgangi til dæmis byggingaúrgangi sbr. skilgreiningu í rg. um urðun úrgangs. En með aukinni þéttingu og endurnýjun byggðar má búast við auknu magni af þessum úrgangi. Einnig er engin umfjöllun um mengaðan jarðveg og viðeigandi meðhöndlun og ráðstöfun hans. Viðmiðunarmagtölur um úrgangsmagn í umfjölluninni byggja á rauntölum ársins 2017 og áætlanir gerðar fyrir 2020. Raunmagntölur ársins 2019 liggja núþegar fyrir, og árið 2021 langt liðið.

Því er því velt upp hvort ástæða sé til að nota nýjar magntölur í endanlegri útgáfu.

Ekki er mikið um umfjöllun um úrgangsforvarnir sem skal vera hluti áætlunarinnar skv. reglugerð um meðhöndlun úrgangs.

Megin ábendingar og athugasemdir við einstaka kafla eru þessar:

Í kafla 1.2. er lýst vinnu við fyrri svæðisáætlun og þeirri rýni á tækni og lagalegu umhverfi þess tíma. Eins og fram kemur í texta er það hluti af vinnu við gerð svæðisáætlunarinnar að rýna breytingar sem orðið hafa á regluverkinu og í kjölfarið vinna tilögu aðgerðum sem tekur mið af orðnum breytingum og er í samræmi við lög, reglugerðir og stefnur. Þar segir og í kafla 1.2.2. segir að stefna ráðherra í úrgangsmálum hafi ekki litið dagsins ljós, en væntanlega er hér verið að vísa til þeirrar stefnu sem gefin var út um mitt ár. Eins er í kafla 1.2.2.2. vísað til breytinga á lögum sem séu til meðferðar hjá Alþingi. Hér er væntanlega verið að vísa til þeirra breytinga á lögum „um hringrásarhagkerfið“ sem voru samþykkt á síðastliðnu vörpingi.

Í kafla 1.3.1 segir að veruleg aukning hafi orðið í efnisvinnslu og vísað til þess að blátunna hafi verið innleidd á höfuðborgarsvæðinu. Í umfjöllunina vantar að Reykjavíkurborg hefur innleitt græna tunnu undir plast, og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu standa að söfnun plasts við húsvegg með öðrum aðferðum. Eins kemur fram að í grenndargáma sé safnað einnota umbúðum. Þarna er eflaust um að ræða ræða skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir sem t.d. Grænir skátar safna á grenndarstöðvum.

Í umfjöllun um árangur svæðisáætlunar í köflum 1.3.2 og 1.3.3 mætti geta þess að starfsemi er hafin í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu. Einnig segir þar að jarðgerð annarra aðila fari „hratt vaxandi“. Koma mætti fram hvaða aðilar það eru, en Íslenska gámafélagið hefur hætt jarðgerð í Gufunesi, og starfrækir ekki jarðgerð í nýrri aðstöðu sinni að Esjumelum.

1.6. Umhverfismat áætlana

Í töflu 1; „Tengsl við aðrar áætlanir“ ætti nefna stefnu ráðherra sem gefin var út sumarið 2021 og tengingu við áætlunina. Einnig ætti að mati USK að skoða tengsl aðgerðaráætlunarinnar við áætlanir um orkuskipti og áform um olíulaust Ísland auk til dæms aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar í úrgangsmálum. Ein aðgerðanna ertíl dæmis vinnsla á olíu úr plasti. Meta ætti hvort og hvernig framleiðsla á olíu samræmist ofangreindum áætlunum og eins hver eftirspurnin verði eftir afurðinni þegar fram líður. Eins liggur ekki fyrir hvort það sé umhverfislegur eða fjárhagslegur ávinningur er af áformunum umfram til dæmis orkuvinnslu þar sem orkunýting er hærri en til dæmis í bívl. Loks má benda á að ekki er metin hver áhrif breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs eru á framboð af plasti, en væntanlega má gera ráð fyrir að hreinleiki plasts aukist með aukinni sérsöfnun. Einnig má gera ráð fyrir því að krafa um betur endurvinnanlegt umbúðaplast aukist á næstu árum, til að auka hlutfall efnisendurvinnslu.

2.1.2 Lífrænn úrgangur

Í kaflanum kemur fram áætlun um stórfenglega magnminnkun á til dæmis heimilsúrgagni frá rekstri á árinu 2020, eða samtals um 63%. Að sama skapi á úrgangur frá skólphreinsun að minnka um 84%. Ekki kemur fram af hverju þessi minnkun á viðkomandi úrgangsflokkum kemur til, en í tilfelli heimilsúrgangs frá heimilum kemur ekki til sambærileg minnkun og hjá rekstri. Ekki kemur fram hver ástæða þess að það dragi úr ristarárgangi, til dæmis hvort gert sé ráð fyrir að dregið verði úr hreinsun á skólpi.

2.1.3 Óvirkur og grófur úrgangur.

Ekki er æskilegt að sameina óvirkan og grófan úrgang í kafla og töflu, þar sem kröfur til ráðstöfunar þessa úrgangs þurfa ekki að vera þær sömu. Að mati USK færi betur að skipta þessari umfjöllun upp og gera grein fyrir því hvaða flokkar úrgangs skýrslan skilgreinir sem óvirkan úrgang, og þá eins hvort þessir flokkar teljist óvirkur úrgangur í skilningi reglugerðar.

2.2.1 Staða og stefnur

Svo virðist sem eftir eiga að uppfæra kaflann og taka tillit til þeirra lagabreytinga sem voru samþykktar á Alþingi í vor og stefnu ráðherra sem samþykkt voru áður en tillaga að svæðisáætlun var auglýst. Einnig vantar að lífúrgang í upptalningu í stefnumörkun Evrópusambandsins.

2.2.1.4 Líkleg þróun sorpsöfnunar

Í kaflanum mætti gera grein fyrir þeirri þróun sorpsöfnunar sem ráðherra hefur ákveðið að verði á landinu öllu með ný samþykktum breytingum á lögum nr. 53/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2.2.2.3 Lífrænn úrgangur

Ekki er minnst á dýrahæ. Einnig vantar hvort meðferð á sláturúrgangi nái yfir meðferð á áhættuvef eða ekki.

2.2.2.4 Plastúrgangur

Í þessum kafla vantar að gera grein fyrir því að Reykjavíkurborg býður íbúum upp græna tunnu undir sérsöfnun á umbúðaplasti.

2.4.1.2. Móttaka og meðhöndlun úrgangs

Ekkert er lýst gjaldtöku sveitarfélaga, á höfuðborgarsvæðinu, en það er gert fyrir önnur svæði sem og hirðutíðni úrgagns.

2.4.3. Suðurland

Athygli vekur að ekki umfjöllun um móttöku og meðhöndlun úrgangs fyrir Suðurland.

3.1.2.1. Heimilisúrgangur

Fram kemur í textanum að þróaðir hafði verið sorpsöfnunarbílar með tveimur eða fleiri hólfum svo hægt sé að safna fleiri úrgangsflokkum á sama tíma og fram kemur að notkun þeirra auki akstur og nýtni þeirra sé lakari. Sorphirða Reykjavíkurborgar hefur í allmörg ár notað tvískipta bíla undir söfnun til dæmis á endurvinnsluefni og getur ekki tekið undir þær fullyrðingar sem fram koma í textanum.

3.1.2.2. Meðhöndlun úrgangs

Fram kemur að lífrænn heimilisúrgangur sé þannig meðhöndlaður og nýta megi orku efnisins með gasgerð, en síðan að lokinni jarðgerð nýta efnin til uppgræðslu eða áburðargjafar. Ekki kemur fram hvort hér sé verið að meina blandaðan úrgang þar sem lífrænn hluti hefur verið hreinsaður frá eins og kostur er, eða sérsafnaðan lífúrgang eins og krafa laga um meðhöndlun úrgangs segir til um að verði frá 2023. Í tilskipun Evrópusambandsins kemur fram á að frá og með 2027 sé meðhöndlun lífúrgangs (e. biowaste) í MBT (e. mechanical biological treatment) sem gas- og jarðgerðarstöð Sorpu hlýtur að teljast til ekki til endurvinnslu, nema úrganginum hafi verið sérsafnað svo eitthvað sé nefnt. Hér mætti auka á skýrleika.

Fram kemur í framtíðarsýn að „gler muni verða flokkað frá almennum úrgangi og sent til urðunar eða notað til landfyllinga“. Bent er á umfjöllnum og markmið um aukna endurvinnslu á gleri og markmið þar að lútandi í stefnu ráðherra í úrgangsmálum og einnig ákvæði í breytingum á lögum hvað varðar framlengda framleiðandaábyrgð og gler.

3.1.2.5 Framleiðsla brennis og brennsla úrgangs

Fram kemur að úrgangi sé ýmist brennt eða framleitt úr honum brenni. Fram kemur að gæði brennis þarf að uppfylla vissa staðla til að vera gjaldgengt í öðrum gerðum brennslu en í sorpbrennslu.

Ekki kemur fram hvaða úrgangsflokkar eru ætlaðir í umrædda brennisframleiðlu, né færð fyrir því rök hvort þeir séu líklegir til að ná þeim gæðum sem þarf að til að uppfylla ákvæði staðla. Eins kemur ekki fram hver líklegur ávinningur umfram brennslu er af því að brenna efninu beint í sorpbrennslustöð. Eins er því ekki lýst hvað skal gera við brennið ef það uppfyllir ekki kröfur. Einnig kemur ekki fram hvort einhverjir úrgangshópar sem ætlaðir séu til framleiðslu á brenni séu hentugir í endurnotkun til að auka hringrás í kerfinu.

3.4.1.2 Aðgerðaráætlun

Hér er lýst aðgerðum sem ætlað er að draga úr þeirri urðun úrgangs. Áætlunin gerir m.a. ráð fyrir vinnslu á olíu úr plasti, en eins og áður kemur fram, þá vantar að gera grein fyrir því hver ávinningur er af þeirri framleiðslu, hvernig hún samræmist m.a. áætlunum um orkuskipti og markmiðum stjórnvalda um olíulaust Ísland 2050. Eins er ekki ljóst hver áhættan er af þeirri framleiðslu ef gæði afurðar uppfylla ekki kröfu, eða ef markaður reynist ekki vera fyrir afurðina til dæmis vegna samdráttar í eftirspurn. Eins kemur ekki fram hvort það sé betri nýting á orkunni sem í plastinu er að framleiða olíu, hreinsa hana og brenna í bílvél, eða senda það í orkuendurvinnslu.

Aðgerðaráætlunin gerir einnig ráð fyrir aukinni jarðgerð annarra, en bent er á að undanfarið hefur jarðgerð annarra heldur dregist saman, þar sem Íslenska gámafélagið er hætt jarðgerð í Gufunesi og hyggst ekki starfrækja jarðgerð á Esjumelum.

Talað er um það þurfi urðunarstað undir óvirkan úrgang, en skv. reglugerð 738/2003 um urðun er takmarkað hvaða úrgang staðurinn má taka á móti. Ekki er í tillögunni gerð grein fyrir því hvort þörf sé á urðunarstað fyrir úrgang sem ekki uppfyllir þá kröfu að teljast vera óvirkur úrgangur, en er ekki tækur í brennslu.

Einnig er í aðgerðaráætlun ekki lýst hvernig bregðast á við þörf á meðhöndlun á dýrahæjum og mögulega sóttmenguduðum úrgangi innan svæðisins og hvort um sé að ræða flutninga og þá hvernig þeir samræmast reglum um flutninga á þessum úrgangi hugsanlega yfir sóttvarnarínur.

Einnig ætti að lýsa áformum um móttöku á jarðefnum og til dæmis niðurrífsúrgagni og hugsanlega hvernig betur mætti standa að endurnotkun og endurvinnslu hans.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Friðrik Gunnarsson

Verkefnastjóri - umhverfisgæði

Sími/Tel.: +354 411 1111

fridrik.gunnarsson@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is

From: Teitur Gunnarsson <teitur@mannvit.is>

Sent: fimmtudagur, 28. október 2021 13:50

To: Friðrik Klingbeil Gunnarsson <Fridrik.Gunnarsson@reykjavik.is>

Subject: RE: Svæðisáætlun

Sæll Friðrik

Við tökum við athugasemdum á mánudag. Ekkert mál.